

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

36. fundur 4. maí 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 4. maí 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður og Hjörtur Pálsson auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Kópavogsdagar - ljósmyndasýning
2. Sumarstarfsmaður.
3. Skjalahald á bæjarskrifstofum.
4. Afhending gagna frá Halldóri Jónssyni.
5. Skráning skjalasafna og ljósmynda.
6. Önnur mál.

1. Kópavogsdagar - ljósmyndasýning.

Kópavogsdagar hófust fundardaginn og skýrði héraðsskjalavörður frá því að Kristín Þorgeirsdóttir hefði með mjög skömmum fyrirvara sett upp sýningu með 22 ljósmyndum eftir Herbert Guðmundsson sem þá var opnuð. Gefinn hafði verið út litprentaður kynningarbæklingur þar sem tíundaðar eru m.a. menningarstofnanir Kópavogsbæjar með einkennismerkjum sínum, en héraðsskjalasafnsins að engu getið. Er það ekki í fyrsta sinn sem það gerist, og samþykkti safnstjórnin af þeim sökum eftirfarandi ályktun:

"Stjórnin ítrekar þá ósk sína að Héraðsskjalasafns Kópavogs sé getið þegar auglýstar eru menningarstofnanir Kópavogskaupstaðar í auglýsinga- og kynningarbæklingum sem dreift er opinberlega."

2. Sumarstarfsmaður.

Rætt var, að ráða þyrfti sumarstarfsmann frá miðjum maí til ágústloka. Héraðsskjalavörður óskaði heimildar til að ráða til starfa Gunnar Marel Hinriksson sagnfræðinema. Stjórnin veitti fúslega samþykki sitt, en Gunnari er ætlað að sinna skráningu.

3. Skjalahald á bæjarskrifstofum.

Rætt var um skjalahaldið, og gerði héraðsskjalavörður stjórninni grein fyrir stöðu mála. Taldi stjórn safnsins að skilgreina þyrfti starfssvið héraðsskjalavardar og gefa út erindisbréf honum til handa.

4. Afhending gagna frá Halldóri Jónssyni.

Halldór Jónsson verkfræðingur kom nýlega að máli við héraðsskjalavörð og afhenti safninu skjalagögn sem send voru áfram til Borgarskjalasafns þar sem þau eiga betur heima af því að þau varða Snorrabraut 65 í Reykjavík.

5. Skráning skjalasafna og ljósmynda.

Héraðsskjalavörður hefur sett vinnureglur að fyrirmynd Þjóðskjalasafns Íslands um hvernig skráð skuli slík aðföng og efni sem áður hefur borist.

Formlega hefur á þessu ári verið tekið á móti þrenns konar skjalagögnum sem afhent hafa verið. Um er að ræða:

- a) Skjöl frá Afmælisnefnd Kópavogs vegna 50 ára afmælis bæjarins 2005.
- b) Skjöl sem Hrafn Harðarson afhenti frá Vatnsveitufélagi við Kársnesbraut og upphaflega komu frá fjölskyldu Finnboga Rúts Valdimarssonar.
- c) Ljósmyndir sem Herbert Guðmundsson afhenti til viðbótar þeim myndum hans sem fyrir voru í safninu.

Þá hefur verið skráð safn sem fyrir var og Hrafn Harðarson afhenti bæjarskjalasafninu 1999. Það safn er komið frá Huldu Jakobsdóttur, fyrrum bæjarstjóra, og varða skjalagögnin rekstur Kópavogsbíós, byggingu Kópavogskirkju, safnaðarnefnd Kópavogs, landamerki og sögu Kópavogshrepps. Stjórnarmenn skoðuðu skjalaskrár yfir þessi söfn.

Loks hefur Kristín Þorgeirsdóttir tekið saman yfirlit yfir ljósmyndasafn skjalasafns bæjarskrifstofanna og ástand þess, stærð og fjölda mynda og hvað gera þarf til þess að forða þeim frá skemmdum. Hún hefur áætlað að vinnan við það sé hátt í 200 klst. Brýnt er síðan að afla upplýsinga um myndirnar og skrá þær. Það er tímafrekt og fyrirhafnarsamt, en þolir ekki langa bið.

6. Önnur mál.

- a) Stjórnarmenn skoðuðu skjalageymsluna í Hamraborg 1 og dæmi um frágang á nýskráðu safni - sem er til fyrirmyndar.
- b) Stefnt er að næsta fundi kringum mánaðamót maí-júní.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 17.50.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari